

Íslenzkir tónlistarmenn. 14. þáttur.
Eftir Pál Halldórsson.

Ísólfur Pálsson.

ESKAN, XLII. árg. 10.-11. tbl. bls. 110-111.
Reykjavík, október-nóvember 1941.

Vífætur: 5



Rána og Dáa með bróðurnum sínum.

ESKAN. 42. árg. Reykjavík, okt.-nóv. 1941. 10-11. tbl.

ÆSKAN

Barnablað
með myndum

10.-11.
1941



Rúna og Dúa með brúðurnar sínar.

ÆSKAN. 42.árg. Reykjavík, okt.-nóv. 1941. 10-11.tbl.

Íslenzkir tónlistarmenn.

Eftir Pál Halldórsson.

mf

Eg fór um næt-ur fagr - a stund um frið - a grund til dal - a, því hugmynd blið mér lék í lund um

p *mf*

líf - ið fjall - a sal - a Par glitr-uð - u dagg-ir sem gló-and - i ljós, það glóði' á hverr - i fjólu' og rós, er

mf


nut - u næt - ur - sýl - a, og hljóðleg-a sam-an hjal - a þeir fugl - ar á grein-um, sem þar líf sitt al - a.

14. Ísólfur Pálsson.

Eitt af allra vinsælustu sönglögum okkar Íslendinga er „Draumur hjarðsveinsins“ — „Í birkilaut hvíldi ég bakkanum á“ — eftir Ísólf Pálsson. Það er venjulega ekki búið að syngja mörg lög á mannamótum, þegar „Í birkilaut“ er tekið. Þetta lag hefir nú verið á vörum þjóðarinnar í 20—30 ár, og enn er það jafn-nýtt og fyrst er það kom fram. Það fyrnist ekki, heldur vinnur sér æ traustari vinsældir. Það hefir líka öll skilyrði til þess; það er fallegt, og það er einfalt og látlaust eins og þjóðlag. Þetta lag hefir á sér glögg tónskáldseinkenni Ísólf Pálssonar. Það er hin sönggræna laglína og hin öfgalausa framsetning. Það er þýðleikurinn og innileikinn og hið hjarta yfirbragð. Þessi einkenni hafa flest lög Ísólf. Þau sem minna eru kunn, t. d. hið ljómandi fallega lag, „Rökkurró“, „Röddin“, sem margir kannast við, „Vormenn“, „Sumar“, „Það árlega gerist“, „Vorgyðjan kemur“, „Austurfjöll“, „Sumarnótt“, „Hér er bróðir verk að vinna“, „Um aftanstund“, „Vögguvísa“ (Fuglinn sefur suðri mó), „Ég beið þín um kvöld“, „Yfir djúpi“, o. fl.

Ísólfur var yngstur þeirra Syðrasels-bræðra, sona Páls Jónssonar á Syðra-Seli í Stokkseyrarhreppi. Hann hlaut tónlistargáfuna í ríkum mæli í vöggugjöf, eins og svo margir af Bergsætt.

Á Stokkseyri hafði Ísólfur á hendi söngstjórn og var organisti í Stokkseyrarkirkju (í um 20 ár). Var hvorttveggja rómað mjög, söngstjórn hans og organleikur, enda glæddist þá mjög sönglif þar um slóðir. Annars stundaði hann sjóinn jafnframt á Stokkseyri, og þótti afbragðs stjórnari á sjó, ekki síður en á söngpallinum. Ísólfur var hugvitsmaður og fékkst við uppfinningar. Læknir var hann góð-



Ísólfur Pálsson.

ur, þótt ólærður væri. Hann var skáldmæltur vel eins og þessi vísa eftir hann ber vott um:

Fjólu bláa, friða, smáa,
fegurst sá eg blóm á grund,
hátt í skáum hliðarfláa
henni sáir drottins mund.

Lagið við vísuna hefir hann samið sjálfur.

Eftir að Ísólfur fluttist til Reykjavíkur (1912) lagði hann stund á hljóðfærasmíði og hljóðfæraviðgerðir. Hafði hann numið þá iðn í Kaupmannahöfn. Smíðaði hann nokkur harmoníum og gerði við og stillti orgel, piano og harmoníum um land allt. — Ísólfur var hið mesta ljúfmenni og virðist mér lögin hans bera vott um það. Þau eiga miklum vinsældum að fagna, og vinsældir þeirra byggjast á traustum grundvelli. Ísólfur er einn í brautryðjendahópnum meðal tónlistarmanna okkar Íslendinga.

Safn af sönglögum Ísólf — Fjola I. hefti —

Minnismerki Snorra Sturlusonar.

Snorri Sturluson er frægastur allra Íslendinga að fornu og nýju, og frægastur norrænna sagnaritara. Hann ritaði Heimskringlu og Snorraeddu, en það eru heimsfrægar bækur. Þá hafa fræðimenn síðustu tíma fært sterk rök að því, að Snorri hafi einnig ritað sögu Egils Skallagrímssonar, en hún hefir jafnan þótt beztt rituð allra Íslendingasagna, að Njálu einni undanskilinni.

Þriðjudaginn 23. sept. síðastliðinn voru 700 ár liðin frá því að Snorri Sturluson var veginn. Gissur Þorvaldsson, tengdasonur Snorra, sá er síðar hlaut jarlsnafn yfir Íslandi, kom í Reykholt aðfaranótt 23. september 1241 að öllum óvörum, með margt vígra manna. Tókst þeim að finna Snorra, en hann hafði leitað í jarðhús eitt, Gengu þeir af honum dauðum. Hefir næturvig þetta ávallt þótt einhver svívirðilegasti glæpur Sturlungaaldarinnar. Snorri var þá 63 ára, er hann var veginn.

Sjö hundruð ára dánarafmælis Snorra var minnzt með samkomu í Réykholti 23. sept. síðastliðinn, og í Háskóla Íslands hér í Reykjavík, daginn eftir. Var útvarp frá samkomu Háskólans, en annars voru þessar minningarathafnir aðeins fyrir boðsgesti. En sýning á ýmsum útgáfum af ritum Snorra og mörgu, er um hann hefir verið ritað, var haldin í háskólanum, og var hún opin fyrir almenning.

Norðmenn höfðu ákveðið að gefa myndastyttu af Snorra og var áformað, að hún yrði afhjúpuð í Reykholti við þetta tækifæri. Fengu þeir frægasta listamann sinn, Gustav Vigeland til þess að gera styttuna, og er hún fullgerð. En vegna ófriðarins og samgönguteppunnar var eigi hægt að flytja líkneskið til Íslands, en það mun verða gert svo fljótt, sem kostur verður á.



Snorra-líkneski Gustavs Vigelands.

Það ætti að vera metnaðarmál fyrir hvern einasta Íslending, að kynnast sem beztt — og þegar á unga aldri — ritum Snorra Sturlusonar, þess manns, er mestum ljóma hefir varpað á nafn Íslands og Íslendinga.

kom út í Reykjavík 1934. Jón bróðir hans gaf það út. — En margt af lögum hans mun þó vera í handriti ennþá, þ. á. m. sálmalög og karlakórslög. Ísólfrur var fæddur 11. marz 1871. Hann dó í Reykjavík 17. febrúar 1941, tæplega 70 ára.

Meðal barna Ísólfss eru Páll, dómkirkju-organleikari, hinn víðkunni orgelsnillingur, Pálmarr hljóðfærasmiður og Sigurður, organleikari við Frikirkjuna í Reykjavík.

☆ ☆ ☆

Þáttum þessum um íslenzka tónlistarmenn er nú-lokið hér í blaðinu. Hefir nú verið sagt frá 15 íslenzkum tónskáldum, og þar með flestum þeim, sem nú eru dánir. Auk þess hafa birzt myndir af nokkrum núlifandi tónskáldum, en fleiri mætti þó nefna, sem leggja með tónverkum sínum álitlegan skerf í tónbókmenntir vorar, svo sem Páll Ísólfsson, Emil Thóroddsen, Jón Leifs, Sigurður Þórðarson, og af yngstu tónskáldunum Karl O. Runólfsson, Hallgrímur Helgason o. fl.